



Umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 13. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun vegna vindorku og verndarflokks áætlunarinnar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun vegna vindorku og verndarflokks áætlunarinnar. Samtökin fagna því að skýra eigi lagaumgjörð vindorkukosta en lýsa yfir áhyggjum af áformunum eins og þau eru kynnt.

Áformin gera ráð fyrir að virkjunarkostir í vindorku verði meðhöndlaðir innan ramma laga nr. 48/2011 en þó með þeim hætti að:

- settar verði almennar takmarkanir á hagnýtingu vindorku á svæðum með hátt verndargildi samkvæmt hlutlægum viðmiðum.
- vindorkukostir verði undanþegnir þeirri meginreglu laganna að verndar- og orkunýtingaráætlun sé bindandi gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Þá er áformað að skerpa á vernd þeirra landssvæða sem eru flokkuð í verndarflokk áætlunarinnar þannig að þau sæti þeirri almennu vernd sem mælt er fyrir um í VIII. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eins og kostur er, í stað þess að þau séu einvörðungu friðlýst gegn orkuvinnslu.

Orkuöryggi, samkeppnishæfni og viðnámsþróttur

Orkuöryggi er ein af grunnstoðum íslensks samfélags og samkeppnishæfni Íslands. Samtökin hafa um árabil varað við því ójafnvægi sem hefur myndast á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Framangreindur vandi hefur leitt til hærra raforkuverðs¹ og skerðinga á raforku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja og útflutningstekjur.

Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem fram undan eru. Í raforkuspá Landsnets 2024-2050 kemur fram að eftirspurn eftir raforku muni aukast um allt að 116% til ársins 2050, aðallega vegna orkuskipta í samgöngum. Um 60% fyrirhugaðrar aukningar á að

¹ [Raforkuskortur leitt til verðhækkana | Fréttasafn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)



koma frá vindorku, þar með talið 2,7 TWst á tímabilinu 2028-2030. Samkvæmt raforkuspá Landsnets eru ekki nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta orkuskiptum.

Fjölbreyttir raforkugjafar auka öryggi raforkukerfisins og Ísland býður upp á kjöraðstæður fyrir vindorkuver með meðalvindhraða víða yfir 10 m/s í 80 m hæð. Vindorkuver má byggja hratt og þau eru afturkræf. Vindorka nýtist við framleiðslu á vetni, sem er talið mikilvægt til að ná loftlagsmarkmiðum, og framleiða má með sveiflukenndu rafmagni. Nýlegar náttúruhamfarir hafa enn fremur leitt til óvissu í raforkumálum og sýnt fram á nauðsyn sveigjanleika og fjölbreytni innan kerfisins. Með fjölbreyttum raforkukostum eykst viðnámsþróttur raforkukerfisins gagnvart ófyrirséðum áföllum.

Í skýrslu sem unnin var af BBA/Fjeldco árið 2022 um raforkuframleiðslu úr vindorku er fjallað um vindorku í samanburðarlöndunum Danmörku, Noregi, Skotlandi og Nýja-Sjálandi. Raforkuvinnsla úr vindorku í samanburðarlöndunum hófst á árunum 1970-1993 og var hlutfall raforku sem framleidd er úr vindorku við gerð skýrslunnar 40,4% í Danmörku (6.271 vindmyllur) og 7,5% í Noregi (1.298 vindmyllur).

Þrátt fyrir framangreinda kosti, þá stöðu sem er uppi í raforkumálum og markmið Íslands í loftlagsmálum hefur ekkert vindorkuver verið reist á Íslandi og allir virkjunarkostir hafa verið flokkaðir í biðflokk að undanskildum Garpsdal sem ráðherra hefur lagt fram tillögu um að flokkaður verði í nýtingarflokk. Skýtur það skökku við að á meðan skuli íslenskt samfélag, sem hefur næga möguleika til slíkrar orkuöflunar, flytja inn á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu fyrir um 160 milljarða króna.

Áform um lagaumgjörð vindorkunýtingar

Í áformaskjali kemur fram að breið sátt um lagaumgjörð vindorkunýtingar verði best tryggð með því að vindorkuverkefni á landi lúti áfram í meginatriðum sömu lögmálum og aðrir virkjunarkostir í ferli rammaáætlunar. Er það breyting frá áformum síðustu ríkisstjórnar sem lagði á síðasta kjörtímabili fram frumvarp sem gerði ráð fyrir að ákveðnir virkjunarkostir í vindorku gætu sætt sérstakri málsmeðferð í stað hefðbundin ferils verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun var ætlað að stuðla að vandaðri stefnumörkun um hvaða svæði sé hugsanlegt að nýta til orkuvinnslu og hvaða svæði eigi að vernda gagnvart slíkum framkvæmdum og tryggja að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við þá stefnumörkun. Var lögunum ætlað að stuðla að meiri sátt um orkuvinnslu og minnka óvissu orkufyrirtækja við val á virkjunarkostum. Ferli rammaáætlunar hefur hins vegar verið gagnrýnt fyrir að vera þunglamalegt og hafi staðið í vegi fyrir grænni orkuöflun. Samtökin skiluðu í apríl sl. jákvæðri umsögn um breytingu á lögunum þar sem lagðar voru til breytingar með það að markmiði að bæta og skýra verkferla og gera ferlið skilvirkara og fljótara. Samtökin kölluðu hins vegar eftir því að stefna stjórnvalda um aukna orkuöflun yrði tengd við frumvarpið enda gerir löggjöfin ekki ráð fyrir að litið sé til sjónarmiða um orkuöryggi, orkuskipta, samkeppnishæfni og viðnámsþrótt Íslands.


Samkvæmt áformunum á að afgreiða vindorkukosti á grundvelli laga nr. 48/2011 með enn frekari takmörkunum en á við um vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir þar sem setja á almennar



takmarkanir á hagnýtingu vindorku á svæðum með hátt verndargildi samkvæmt hlutlægum viðmiðum og undanskilja á vindorkukosti meginreglu laganna um að verndar- og orkunýtingaráætlun sé bindandi gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Samtökin lýsa yfir áhyggjum af áformunum. Samkvæmt áformunum virðist sá möguleiki uppi að vindorkukostir fari í gegnum langt ferli rammaáætlunar til þess eins að sveitarfélög beiti neitunarvaldi sínu. Það er grundvallaratriði í lögum nr. 48/2011 að verndar- og orkunýtingaráætlun sé bindandi við gerð skipulagsáætlana og sveitarstjórnir skuli samræma gildandi svæðis- aðal- og deiliskipulagsáætlanir að áætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Sé það ætlunin að færa sveitarfélögum ákvörðunarvald um uppbyggingu vindorkuvera er rétt að undanskilja vindorkukosti gildissviði laga nr. 48/2011 í heild sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltadóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasvið